

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags. 11. október 2019
Mnr. 2019030022



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - fallið frá kaupum á íbúð

Þann 26. júní sl. fóru íbúðir í Sindragötu 4a, Ísafirði í sölu. Á 1066. fundi bæjarráðs var samþykkt tilboð í íbúðir nr. 0204 í fasteigninni. Á 1067. fundi bæjarráðs var samþykkt tilboð í íbúðir 0202, 0203 og 0302. Á 1068. fundi bæjarráðs var samþykkt tilboð í íbúð 0205. Á 440. fundi bæjarstjórnar voru samþykkt tilboð í íbúðirnar 0201, 0104 og 0102. Því eru átta íbúðir seldar í fasteigninni að svo stöddu.

Með tölvupósti Guðmundar Óla Tryggvasonar, dags. 8. október sl., var tilkynnt að einn aðili félli frá tilboði í íbúð í Sindragötu 4a, en það er tilboð í íbúð 0203. Aðilinn fellur frá tilboðinu þar sem honum hefur ekki tekist að selja eign sína og gengur fjármögnun hans á kaupunum því ekki upp.

Íbúðin telst því aftur komin á sölu.